

AUGLÝSING

um staðfestingu samþykktar fyrir Tónlistarskóla Húsavíkur.

Með vísan til 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla staðfestist hér með samþykkt fyrir Tónlistarskóla Húsavíkur, sem samþykkt var af bæjarstjórn Húsavíkur hinn 26. júní sl. og birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 19. september 1997.

F. h. r.

Guðríður Sigurðardóttir.

Stefán Baldursson.

Fylgiskjal.

Samþykkt fyrir Tónlistarskóla Húsavíkur.

1. gr.

Skólinn heitir Tónlistarskóli Húsavíkur. Húsavíkurkaupstaður er eigandi hans. Bæjarstjórn Húsavíkur fer með yfirstjórn skólans.

2. gr.

Skólinn starfar eftir gildandi lögum og reglugerðum um tónlistarskóla.

3. gr.

Markmið skólans er að veita almenna tónlistarfræðslu og vinna að eflingu tónlistarlífs á Húsavík. Þessum markmiðum hyggst skólinn ná meðal annars með því:

- að annast kennslu í hljóðfæraleik og söng, ásamt kennslu í öðrum tónlistargreinum sem gert er ráð fyrir í námskrám tónlistarskólanna.
- að búa nemendum fjölbreytt skilyrði til að þroska tónlistarhæfileika og sköpunargáfu þar sem tekið er tillit til þroska og getu hvers einstaklings.
- að skapa verðmæt og varanleg áhugamál fyrir hvern nemanda og gera þá að virkum hlustendum tónlistar og þátttakendum í tónlistarlífi.
- að standa opinn jafnt börnum sem fullorðnum eftir því sem aðstæður leyfa.
- að eiga samvinnu við aðrar menningar- og uppeldisstofnanir s.s. grunnskóla, framhaldsskóla, leikskóla, safnahús og kirkju.
- að styðja við áhugahópa um tónlist og menningu s.s. hljómsveitir, tónlistarfélög, kóra, leikfélög og fleiri aðila.
- að eiga hljóðfæri til þess að auðvelda nemendum aðgang að skólanum og verði þau leigð nemendum fyrstu námsárin eftir því sem tæk eru á.
- að undirbúa nemendur fyrir framhaldsnám í tónlist.
- að uppfylla allar þær kröfur sem menntamálaráðuneytið setur varðandi námsmat og próf.

4. gr.

Skólanefnd grunnskóla fer með málefni skólans í umboði bæjarstjórnar samkvæmt 62. gr. samþykktar um stjórn Húsavíkurkaupstaðar og erindisbréfi skólanefndar. Skólastjóri eða staðgengill hans situr nefndarfund. Heimilt er kennarafundi að tilnefna einn fulltrúa úr hópi fastra kennara til að sitja nefndarfund með málfrelsi og tillögurétt og skal hann bundinn sömu trúnaðarskyldu og nefndarmenn.

5. gr.

Bæjarstjórn ræður skólastjóra. Skólanefnd auglýsir stöðuna og veitir viðtöku umsóknum um skólastjórastöðu. Að loknum umsóknarfresti skal skólanefnd halda fund svo fljótt sem auðið er, fjalla um umsóknir og senda þær bæjarstjórn ásamt umsögnum og tillögum um val á skólastjóra.

6. gr.

Bæjarráð ræður kennara og annað starfsfólk skóla að fengnum tillögum frá skólanefnd og skólastjóra. Ef staða losnar við skóla eða ef þörf er á viðbótarstarfsmanni gerir skólastjóri skólanefnd grein fyrir því og auglýsir stöðuna í samráði við skólanefnd. Skólanefnd tekur við umsóknum, metur þær og gerir ásamt skólastjóra tillögu til bæjarráðs um ráðningar. Sérhverjum umsækjanda skal tilkynnt, svo fljótt sem auðið er, hvaða afgreiðslu umsókn hans fékk.

7. gr.

Skólastjóri er forstöðumaður Tónlistarskóla, stjórnar honum í samræmi við samþykkt þessa og ákvarðanir bæjarstjórnar, ber ábyrgð á starfi skólans og veitir honum faglega forystu.

8. gr.

Verksvið skólastjóra er að sjá um daglega umsýslu skólans, faglega og rekstrarlega, að gæta ítrustu rekstrarhagkvæmni og fylgjast með að rekstri sé haldið innan samþykktar fjárhagsáætlunar. Skólastjóri skilar vinnuskýrslum til bæjarskrifstofu, áritar reikninga vegna rekstrar og innkaupa skólans og undirbýr fjárhagsáætlun fyrir skólanefnd. Hann gerir fyrir 1. febrúar ár hvert tillögu til skólanefndar um kennslumagn fyrir næsta skólaár, ásamt kostnaðaráætlun. Áætlunin skal vera rökstudd. Skólastjóri stendur skil á innheimtu á nemendagjöldum og hljóðfæraleigu samkvæmt gildandi reglum.

9. gr.

Kennarafundur er skólastjóra til ráðuneytis um starf skólans. Almennan kennarafundur skal halda í upphafi skólaárs þar sem drög að starfsáætlun eru kynnt. Skólastjóri eða staðgengill hans boðar til kennarafunda með dagskrá og stjórnar þeim eða skipar fundarstjóra. Haldin skal gjörðabók kennarafunda. Skylt er öllum föstum kennurum skólans að sækja kennarafundi þá mánuði sem skólinn starfar. Skylt er stundakennurum að sækja kennarafund, ef skólastjóri æskir þess, enda sé boðað til fundarins með a.m.k. þriggja daga fyrirvara.

10. gr.

Heimilt er að stofna foreldrafélög og skulu starfsreglur þeirra hljóta samþykki skólanefndar að fenginni umsögn kennarafundar. Með sama hætti er heimilt að stofna nemendaráð. Heimilt er kennarafundi að kveðja til fulltrúa foreldra og/eða nemenda við umfjöllun um innri málefni skólans.

11. gr.

Kostnaður af rekstri skólans greiðist úr bæjarsjóði samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun að því marki sem nemendagjöld og aðrar tekjur hrökkva ekki til.

12. gr.

Rétt til skólavistar hefur hver sá sem áhuga hefur á því námi sem skólinn býður upp á. Áætlun um kennsluskipan og námsframboð skal liggja fyrir í upphafi skólaárs og skal auglýsa það við innritun. Þurfi að takmarka fjölda nemenda í einstökum námsgreinum skulu nemendur sem stunduðu nám á fyrra skólaári hafa forgang. Heimilt er skólastjóra að vísa nemanda frá námi ef hann hefur ekki sinnt því um lengri tíma eða hefur gerst brotlegur við reglur skólans og ekki látið segjast við áminningu. Rísi ágreiningur um skólavist nemenda skal skólanefnd úrskurða í málinu.

13. gr.

Starfstími skólans er 9 mánuðir árlega og skulu leyfis dagar fara eftir skóladagatali grunnskóla. Viðverutími og vinnuskylda kennara fer eftir gildandi kjarasamningi, en heimilt er skólastjóra að skipuleggja vinnu kennara utan starfstíma skólans í samræmi við kjarasamninga.

14. gr.

Samþykkt þessi er sett af bæjarstjórn Húsavíkur hinn 26. júní 1997.

2. október 1997

Nr. 570

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun.

1. gr.

Skrá 1 með reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun breytist á eftirfarandi hátt:

	Meðalgildi (MG)		Þakgildi (ÞG)		Skammtímagildi (STG)		Ath.
	ppm	mg/m ³	ppm	mg/m ³	ppm	mg/m ³	
Flúoríð	–	0.6	–	–	–	–	6)
Flúorvetni	0.7	0.6	–	–	1.1	0.9	6)

Athugasemd ⁶⁾ verði: Fyrirtæki sem starfandi eru við gildistöku reglna þessara skulu í síðasta lagi innan eins árs hafa mengun flúoríðs og flúorvetnis undir 2.0 mg/m³ og í síðasta lagi innan þriggja ára undir 0.6 mg/m³.

Núverandi athugasemd ⁶⁾ með Flúotan breytist í athugasemd ⁷⁾.

2. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38., 39., 50. og 51. gr. laga nr. 46/1980 og staðfestast hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. október 1997.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Gylfi Kristinsson.